

SAMÞYKKT um breytingu á samþykkt um stjórn Múlaþings, nr. 1042/2020.

1. gr.

Í stað 2. mgr. 24. gr. samþykktarinnar kemur ný málsgrein sem hljóði svo:

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og boða varamann í sinn stað. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

2. gr.

Í stað 3. mgr. 29. gr. samþykktarinnar kemur ný málsgrein sem hljóði svo:

Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna formanni ráðsins um forföll eins fljótt og auðið er og boða varamann í sinn stað.

3. gr.

Með vísan til 53. gr., sbr. 37. gr. samþykktar um stjórn Múlaþings og 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 er settur nýr viðauki við samþykktina sem verður viðauki II.

4. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Múlaþings hefur sett, samkvæmt ákvæðum 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 18. desember 2020.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

VIÐAUKI II Fullnaðarafgreiðsla starfsmanna í stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Ráðning annarra starfsmanna.

1. gr.

Stjórmendur sveitarfélagsins fara með ráðningarárvall annarra starfsmanna án staðfestingar sveitarstjórnar. Heimildir þeirra eru nánar skilgreindar í erindisbréfum fagráða, sbr. 52. gr. samþykktar þessarar.

Embættisafgreiðsla skrifstofustjóra.

2. gr.

Skrifstofustjóri afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein, skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar:

Erindi sem send eru til byggðarráðs til umsagnar, kynningar eða meðferðar einstakra nefnda, ráða, embættismanna eða aðila utan Múlaþings og heyra ekki undir valdsvið heimastjórn sveitarfélagsins.

3. gr.

Skrifstofustjóra er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til afgreiðslu byggðarráðs ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

4. gr.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt byggðarráði með skriflegri skýrslu á næsta fundi ráðsins.

Embættisafgreiðslur fjármálastjóra.

5. gr.

Fjármálastjóri afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar:

Umsóknir um afslátt af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt af fasteignaskatti, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

6. gr.

Fjármálastjóra er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til afgreiðslu byggðarráðs ef ætla má að aðili máls sæti ekki niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

7. gr.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt byggðarráði með skriflegri skýrslu á næsta fundi ráðsins.

Embættisafgreiðslur félagsmálastjóra.

8. gr.

Félagsmálastjóri afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar:

- a) Umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum um fjárhagsaðstoð.
- b) Umsóknir um leiguhúsnæði skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998.
- c) Umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 2. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- d) Umsóknir um heimaþjónustu skv. reglum um heimaþjónustu.
- e) Umsóknir um búsetu fyrir fatlað fólk.
- f) Umsóknir um ferliþjónustu skv. reglum um ferliþjónustu.
- g) Umsóknir um stoðþjónustu skv. 8. og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- h) Einstaka ákvarðanir samkvæmt 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og reglum sem barnaverndarnefnd hefur sett.

9. gr.

Félagsmálastjóra er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til afgreiðslu fjölskylduráðs ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

10. gr.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt fjölskylduráði með skriflegri skýrslu á næsta fundi ráðsins.

11. gr.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málínú til úrskurðanefndar velferðarmála, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002 og um kærufrest, ef um kæranlega ákvörðun er að ræða.

Embættisafgreiðslur fræðslustjóra.

12. gr.

Fraeðslustjóri afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar:

- a) Ráðningar skólastjóra.
- b) Að staðfesta starfsáetlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla.
- c) Að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.
- d) Áætlanir um mannaflaþörf leik- og grunnskóla í samráði við skólastjórnendur.
- e) Samninga til eins árs sem eru í samræmi við starfsáetlun ráðsins.
- f) Leyfi fyrir skólavist í öðrum sveitarfélögum.
- g) Leyfi fyrir skólavist nemenda í skólum Múlaþings sem eiga lögheimili utan sveitarfélagsins.
- h) Leyfi fyrir rannsóknum í skólum.
- i) Umsóknir um launalaus leyfi.
- j) Umsóknir um leikskólavist.
- k) Leyfi fyrir leikskólavist í öðrum sveitarfélögum.
- l) Leyfi fyrir leikskólavist í leikskólum Múlaþings fyrir börn sem eiga lögheimili utan sveitarfélagsins.
- m) Leyfi til daggæslu barna í heimahúsum.
- n) Leyfi til heimakennslu.

13. gr.

Fraeðslustjóra er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til afgreiðslu fjölskylduráðs ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

14. gr.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt fjölskylduráði með skriflegri skýrslu á næsta fundi ráðsins.

Embættisafgreiðslur framkvæmda- og umhverfismálastjóra.

15. gr.

Framkvæmda- og umhverfismálastjóri afgreiðir án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar:

- a) Ráðningu skipulagsfulltrúa Múlaþings, sbr. 7. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 að fenginni umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs.
- b) Ráðningu byggingarfulltrúa Múlaþings, sbr. 8. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- c) Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðs, nefnda eða ráða Múlaþings og heyra ekki undir valdsvið heimastjórna, sbr. 3. gr. viðauka I við samþykkt þessa.
- d) Húsaleigusamninga Eignasjóðs og félagslegra íbúða.

16. gr.

Framkvæmda- og umhverfismálastjóra er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdaráðs ef ætla má að aðili máls sæti ekki niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

17. gr.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt umhverfis- og framkvæmdaráði með skriflegri skýrslu á næsta fundi ráðsins.

Embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa.

18. gr.

Skipulagsfulltrúi afgreiðir án staðfestingar umhverfis- og framkvæmdaráðs, mál sem upp eru talin í þessari grein og falla undir skipulagslög nr. 123/2010 með síðari breytingum og skilgreind eru sem verkefni sveitarstjórnar í lögunum, sbr. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar, með þeim takmörkunum sem leiðir af valdssviði heimastjórnar sveitarfélagsins:

- a) Framlengir frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.
- b) Leita eftir umsögnum viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslagu og ef framkvæmdin fellur undir C-flokk framkvæmda, sbr lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
- c) Gefur út framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslagu fyrir framkvæmdir sem eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
- d) Stöðvar framkvæmd sem er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag, hafi fallið úr gildi eða framkvæmd sé í ósamræmi við útgefíð framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfum er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað, sbr. 53. gr. skipulagslagu,
- e) Með þriggja mánaða fyrirvara, getur skipulagsfulltrúi lagt dagsektir á framkvæmdaleyfis-hafa hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár, sbr. 3. mgr. 15. gr. skipulagslagu. Skipulagsfulltrúa er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skyld að hlutast til um samkvæmt skipulagslögum eða láta af atferli sem er ólögmætt, sbr. 1. mgr. 54. gr. skipulagslagu,
- f) Framsendir, vísar frá eða synjar erindum sem beint er til umhverfis- og framkvæmdaráðs og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.

19. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdaráðs ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

20. gr.

Mál sem skipulagsfulltrúi afgreiðir skv. 1. gr. skulu kynnt umhverfis- og framkvæmdaráði með skriflegri skýrslu á næsta fundi ráðsins.

21. gr.

Um afgreiðslu skipulagsfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulagslagu nr. 123/2010 með síðari breytingum, ákvæði reglugerða setra á grundvelli laganna og samþykktir Múlaþings ef við á.

22. gr.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málínun til úrskurðanefnar umhverfis- og auðlindamála, sbr. lög um úrskurðanefnar umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011, og um kærufrest, ef um kæranlega ákvörðun er að ræða.

Embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa.

23. gr.

Byggingarfulltrúi afgreiðir, án staðfestingar umhverfis- og framkvæmdaráðs, mál sem upp eru talin í þessari grein og falla undir lög um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum, og skil-

Nr. 1514

18. desember 2020

greind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum sbr. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar með þeim takmörkunum sem leiðir af valdssviði heimastjórna sveitarfélagsins:

- a) Eftirlit með mannvirkjagerð, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 1. og 2. mgr. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- b) Útgáfa byggingarleyfis, að uppfylltum skilyrðum laga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmálum.

24. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdaráðs ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

25. gr.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs og bókaðar í fundargerð.

26. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga um mannvirki, nr. 160/2010, með síðari breytingum og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

27. gr.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. lög um úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 og um kærufrest, ef um kærulanlega ákvörðun er að ræða.

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2021